

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 29. janúar 1996

um breytingu á ákvörðun 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum

(Texti sem varðar EES)

(96/104/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðis-  
eftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 95/52/EB <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í ákvörðun 94/360/EB <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 95/54/EB <sup>(4)</sup>, samþykkti framkvæmdastjórnin ráðstafanir um lækun á tíðni eftirlits með ástandi afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum. Lægri tíðnin skal gilda frá 1. febrúar 1996, að lokinni endurskoðun tíðninnar á grundvelli niðurstaðna úr öllu eftirliti með innfluttum afurðasendingum.

Nauðsynlegt er að gera frekari ráðstafanir til að samhæfa innflutningsskilyrði vegna innfluttra afurða.

Þörf er fyrir meiri reynslu í aðildarríkjunum af eftirliti með afurðasendingum til að unnt sé að endurskoða tíðnina eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 3. gr. Þess vegna ber að fresta því að lægri tíðni verði beitt til 1. janúar 1997.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 94/360/EB er breytt sem hér segir:

- í stað dagsetningarinnar „1. desember 1995“ í 1. mgr. 3. gr. komi „1. janúar 1996“,
- í stað dagsetningarinnar „1. febrúar 1996“ í 3. mgr. 3. gr. komi „15. maí 1996“,
- í stað dagsetningarinnar „1. febrúar 1996“ í 7. gr. komi „1. janúar 1997“.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. janúar 1996.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 265, 8. 10. 1995, bls. 16.<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 158, 25. 6. 1994, bls. 41.<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 165, 15. 7. 1995, bls. 24.